

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 129/1971, um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturfena og hættulegra efna, með breytingum nr. 5/1973, nr. 624/1980, nr. 282/1981 og nr. 784/1983.

1. gr.

Ný grein er verði 14. gr. orðist svo:

Formaldehýð í spónarplötum og hliðstæðum plötum.

Í spónarplötum og hliðstæðum plötum má magn frís formaldehýðs ekki fara yfir 25 mg/100 g af þurrfni plötunnar.

2. gr.

14. gr. verði 15. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 16. gr. laga nr. 85/1968 um eiturfni og hættuleg efni öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. júní 1985.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

22. maí 1985

Nr. 227

AUGLÝSING

um umferð á Sauðárkróki

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Sauðárkróks og samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Sauðárkróki:

1. Stöðvunarskylda er á Hegrabraut við Skagfirðingabraut.
2. Einstefnuakstur er á Ránarstíg til austurs, frá Skagfirðingabraut að Hólavegi. Jafnframt er bann við að leggja öðrum bílum en fólksbílum á Ránarstíg.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar við lóð Barnaskólans, við Sæmundargötu að vestan, Ránarstíg að norðan og Freyjugötu að austan.

Reglur þessar taka gildi 1. júní 1985.

Lögreglustjórinn á Sauðárkróki, 22. maí 1985.

Halldór Þ. Jónsson,